



5. tbl. 2. árg. 1. okt. 2004

### Í þingbyrjun

Nú um mánaðamótin kemur Alþingi saman eftir sumarleyfi. Mörg mikilvæg verkefni bíða þingsins, þegar í upphafi. Þar má nefna gerð fjárlaga fyrir árið 2005. Miklu varðar að þar sé vel á málum haldið. Verðbólga hefur vaxið undanfarna mánuði og mælist nú allnokkuð yfir verðbólguþröskulmörkum. Jafnframt vex einkaneysla hratt og það vekur ugg að vöxturinn virðist einkum fjármagnaður með lántökum. Kallað hefur verið eftir auknu aðhaldi í ríkisfjármálum, af Alpýðusambandinu, Seðlabankanum og fleiri aðilum.

Ekki dregur úr atvinnuleysi, þrátt fyrir gríðarlegar framkvæmdir. Ekki hefur heldur bólað á neinum þeim aðgerðum sem flokkast geta undir lagfæringar á velferðarkerfinu, eins og fyrirheit voru gefin um af öllum flokkum í aðdraganda þingkosninga.

Það er ljóst að ríkisstjórnarinnar bíða erfið verkefni. Verkalýðshreyfingin er reiðubúin til að taka þátt í stefnumótunaráttunni, en því aðeins að allt verði tekið með í reikninginn, efnahagsmálin, atvinnuáttun og velferðarmálin. Einungis með því að aðilar vinnu- markaðarins og stjórnvöld setjist saman yfir þau verkefni, eru líkur á að það takist að móta sameiginlega sýn inn í framtíðina – sýn sem friður verður um.

Ritstjóri:  
Guðmundur Rúnar Árnason

Ábyrgðarmaður:  
Grétar Þorsteinsson




## Þriðjungur atvinnulausra án vinnu í sex mánuði eða lengur

*Atvinnuástandið í landinu er enn mjög slæmt. Fjöldi atvinnulausra hefur heldur aukist frá sama tíma í fyrra. Helmingur allra atvinnulausra er undir 35 ára aldri og þriðjungur er langtímaatvinnulaus, þ.e. hefur verið án atvinnu í sex mánuði eða lengur. Bæði þessi hlutföll hafa hækkað síðustu ár.*

Sé þetta sett í samhengi við hinn mikla hagvöxt síðustu misseri má ætla að hver starfandi maður hafi aukið afköst sín verulega – fremur en að fjöldi starfandi hafi aukist. Það er vissulega líklegt að einhver afkastaukning hafi átt sér stað. Hún er þó varla eins mikil og ætla má í fljótu bragði, m.a. vegna þess að sennilega eru fleiri starfandi en tölur um atvinnuástandið gefa til kynna, t.d.


útlendingar sem ekki eru skráðir með viðunandi hætti í opinberum gögnum. Eftir stendur, annars vegar, að hinn mikli hagvöxtur síðustu misseri skýrist líklega að nokkru leyti af „ósýnilegu“ framlagi erlendra starfsmanna og hins vegar að atvinnulausum fjölga. Full ástæða er til að hafa áhyggjur af atvinnuástandinu, sérstaklega atvinnuleysi ungs fólks og langtímaatvinnuleysi. [Sjá nánar](#)

**Atvinnuleysi fólks undir 35 ára í ágúst 2000-2004**  
(hlutfall af öllum atvinnulausum)



Heimild: Vinnuástandstofnun

**Langtímaatvinnuleysi í ágúst 2000-2004**  
(hlutfall af öllum atvinnulausum)



Heimild: Vinnuástandstofnun



# Hvað gerir ríkisstjórnin?

*Stjórnarflokkarnir boðuðu umtalsverðar skattalækkunar fyrir síðustu kosningar. Áformin voru staðfest í stefnuýfirlýsingu ríkisstjórnarinnar en þar segir: „Á kjörtímabilinu verður m.a. tekjuskattsprósenta á einstaklinga lækkuð um allt að 4%, eignarskattur felldur niður, erfðafjárskattur samræmdur og lækkaður og virðisaukaskattkerfið tekið til endurskoðunar með það í huga að bæta kjör almennings.“*

Fyrstu skrefin í skattalækkunaráformum ríkisstjórnarinnar voru stigin með breytingunum á skattalögum í fyrra en þá var lögfest að hátekjuskatturinn yrði afnuminn í áföngum. Á yfirstandandi ári var skatturinn lækkaður úr 5% í 4%, á næsta ári lækka hann í 2% og fellur loks niður árið 2006. Ríkisstjórnin hefur boðað að í fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 2005 komi fram frekari tillögur um skattalækkunir. Á þessari stundu liggur ekki fyrir endanleg útfærsla á skattalækkunarhugmyndum stjórnarinnar en fjármálaráðherra hefur lýst því yfir að tekjuskattur verði lækkaður um 1%.

## Umfang skattalækkana

Umfang skattalækkana ræðst að verulegu leyti af því hvernig hugmyndirnar verða útfærðar. Ef tekjuskattsprósenta lækka úr 25,75% í 24,75% og meðalstaðgreiðsluprósentan þannig úr 38,58% í 37,58% er það mat Hagdeildar ASÍ að tekjuskattslækkunin muni nema tæpum 5,2 milljörðum. Ef hins vegar persónuafsláttur verður lækkaður sérstaklega til að halda skattleysismörkum óbreyttum, eins og ríkisstjórnin gerði síðast þegar tekjuskattur var lækkaður, þá mun tekjutapið verða heldur minna eða 3,5 milljarðar. Þessu til viðbótar má áætla að lækkun hátekjuskattsins muni leiða til 650 milljón króna tekjutaps ríkissjóðs. Samtals munu skattalækkunirnar því nema 4,1–5,8 milljörðum króna, allt eftir útfærslu. Ef áformin um lækkun tekjuskatts koma að fullu til framkvæmda á kjörtímabilinu verður búið að lækka tekjuskattsprósenta úr 25,75% í 21,75% á árinu 2007 og afnema hátekjuskattinn. Þá má áætla að heildarumfang skattalækkana verði á bilinu 15,3–22 milljarðar.

## Hagstjórn og skattalækkunir


Framundan eru krefjandi tímar í hagstjórninni. Hafnar eru mestu framkvæmdir Íslandssögunnar og lítið þarf út af að bera til að ójafnvægi skapist í efnahagslífinu. Við þessar aðstæður var gengið frá samningum á almenna vinnumarkaðinum á fyrri hluta ársins. Samið var til langs tíma og tóku samningarnir mið af spám um þróun efnahagsmála. Var það samdóma álit samningsaðila að samningarnir leggðu grunn að stöðugleika og vaxandi kaupmætti á samningstímabilinu. Það var trú samningsaðila að ef allir legðust á eitt gæti verðbólgan á komandi árum verið sem næst verðbólga markmiði Seðlabankans, þ.e. 2,5%. Í samningunum eru endurskoðunarákvæði ef verðbólga fer úr böndunum. Þá geta samningsaðilar annað tveggja samið um viðbrögð þ.e. meiri hækkunir til að mæta kaupmáttarrýrnuninni af völdum verðbólgunnar eða einstök félög geta sagt upp samningunum. Verðbólgan hefur farið vaxandi á liðnum mánuðum og mælist nú vel yfir verðbólga markmiði Seðlabankans. Einkaneysla vex hratt og virðist að miklu leyti fjármögnuð með lántökum. Búast má við að breytingar á húsnæðislanamarkaði yti undir frekari hækkunir á húsnæðismarkaði og enn meiri aukningu einkaneyslu. Við þessar aðstæður þarf að beita skynsamlegri og ábyrgri hagstjórn. Bæði ASÍ og Seðlabankinn hafa kallað eftir auknu aðhaldi í ríkisfjármálunum. Fjármálaráðherra mun leggja fram fjárlagafrumvarp í byrjun október. Það verður áhugavert að sjá hvað í því felst og ekki síður hvaða viðtökur það fær. Leggi ríkisstjórnin fram frumvarp með skattalækkunum án þess að gæta nægilegs aðhalds í rekstri ríkissjóðs væri það ábyrgðaleyfi. Slíkt myndi annað tveggja kalla á harkalegar og sársaukafullar vaxtahækkunir Seðlabankans eða að verðbólga ykist með tilheyrandi kaupmáttarrýrnun. Ákvörðun ríkisstjórnarinnar um skattalækkunir mun því kalla á harkalegan niðurskurð á mörgum sviðum. Í því samhengi er nauðsynlegt að halda til haga að velferðarkerfið stendur ekki nægilega traustum fótum og verkalýðshreyfingin gæti ekki tekið því þegjandi ef ráðist yrði gegn því.

# Hverjir njóta skattalækkana?

Boðaðar skattalækkanir hafa misjöfn áhrif á launafólk eftir því hverjar tekjur viðkomandi eru. Eftir því sem tekjurnar eru hærrí, því meira lækka skattgreiðslur í krónum talið. Jafnframt lækkar hlutfallsleg skattbyrði meira hjá þeim tekjuhærrí, þ.e. það hlutfall sem viðkomandi greiðir af tekjum sínum í tekjuskatt. Útfærsla skattalækkanna skiptir einnig máli.



Ávinningur af mismunandi útfærslum skattalækkunar



Á myndinni eru borin saman tvö dæmi:

Dæmi 1: 1% almenn tekjuskattslækkun og 2% lækkun hátekjuskattsins

Dæmi 2: 1% almenn tekjuskattslækkun, 2% lækkun hátekjuskattsins auk sérstakrar lækkunar persónuafsláttar til að halda skattleysismörkum óbreyttum.

Þegar dæmin eru borin saman, kemur í ljós að því hærrí sem tekjurnar eru, því meira lækka skattarnir í krónutölu. Þannig lækka skattgreiðslur einstaklings í dæmi 1, með 75.000 kr. í tekjur um 612 við skattalækkunina, einstaklings með 150.000 kr. um 1.500 kr. og einstaklings með 500.000 kr. um 7.804 kr. á mánuði. Ef persónuafslátturinn er lækkaður sérstaklega eins og í síðara dæminu, þá lækka skattgreiðslur þess tekjulægsta í töflunni einungis um 16 kr. 150.000 kr. mannsins um 766 kr. og 500.000 kr. mannsins um 7.070 kr.

Í töflunni er borin saman hlutfallsleg skattbyrði eftir mismunandi tekjum. Í óbreyttu kerfi greiðir einstaklingur 0,8% af 75.000 kr. mánaðartekjum í skatt, 19,7% af 150.000 kr. tekjum og 34% af 500.000 kr. tekjum. Ef staðgreiðslan lækkaði í 37,58% og hátekjuskatturinn í 2% myndi hlutfallsleg skattbyrði lækka þannig að ekki yrði greiddur neinn skattur af 75.000 kr. tekjum, af

Hlutfall launa greitt í skatta

| Tekjur    | Án skattalækkana | Lægri skattar, óbreyttur | Lægri skattur lægri persónuafsláttur |
|-----------|------------------|--------------------------|--------------------------------------|
| 75.000    | 0,8%             | 0,0%                     | 0,8%                                 |
| 100.000   | 10,3%            | 9,3%                     | 10,0%                                |
| 150.000   | 19,7%            | 18,7%                    | 19,2%                                |
| 200.000   | 24,4%            | 23,4%                    | 23,8%                                |
| 250.000   | 27,3%            | 26,3%                    | 26,5%                                |
| 500.000   | 34,0%            | 32,5%                    | 32,6%                                |
| 1.000.000 | 38,3%            | 36,0%                    | 36,1%                                |


150.000 kr. tekjum færu 18,7% í skatta og af 500.000 kr. tekjum færu 32,5% í skatt. Ef persónuafslátturinn yrði lækkaður sérstaklega þá drægi mest úr áhrifum skattalækkunarinnar hjá tekjulægstu einstaklingunum. Skattbyrði einstaklings með 75.000 kr. tekjur yrði því næst sú sama og án skattalækkunar. Hjá einstaklingi með 150.000 kr. tekjur lækkaði hún um 0,5% og tæki lækkaður persónuafsláttur því helminginn af ávinninginum af lægri skattprósentu en hjá einstaklingi með 500.000 kr. tekjur breytist skatthlutfallið lítið eða um 0,1%.

Það verður því fróðlegt að sjá þegar fjárlagafrumvarpið verður lagt fram hverjar áherslur ríkisstjórnarinnar verða og hvaða tekjuhópa hún ber helst fyrir brjósti.

# Skattalækkunarir og velferð

Fyrir síðustu kosningar lagði Alþýðusambandið fram tillögur um úrbætur á velferðarkerfinu. Tillögurnar miðuðu að því að bæta stöðu barnafólks, þeirra sem standa höllum fæti í þjóðfélaginu, auk þess að leggja til nýja hugsun í rekstri heilbrigðiskerfisins. Samtals lagði ASÍ til að varið yrði 9 milljörðum króna til styrkingar velferðarkerfinu. Almennt var gerður góður rómur að tillögnum og tóku frambjóðendur allra flokka undir þær í meginatriðum. En nú, ári eftir kosningar bólar því miður ekki mikið á tillögum um aukna velferð.

Skilja má á forystumönnum stjórnarflokkanna að það sé forgangsmál ríkisstjórnarinnar að lækka tekjuskatt um 15-22 milljarða á næstu þremur árum. Slíkar skattalækkunarir kalla á erfiðan niðurskurð á ríkisútgjöldum. Ótti okkar hjá Alþýðusambandinu er, að sparnaði í útgjöldum ríkisins verði fyrst og fremst náð með því að lækka tilfærslur í formi lækkunar á atvinnuleysisbótum og elli- og örorkulífeyri, en ekki í sparnaði í rekstri opinberra stofnana. Verði slíkt gert verður ekki einungis um það að ræða að slegið verði á frest nauðsynlegum úrbótum á velferðarkerfinu, heldur verði beinlínis ráðist að kjörum þeirra sem minnst hafa borið úr bitum á liðnum árum og hafa dregist aftur úr í kaupmáttarþróun liðinna ára. Slíku getur verkalýðshreyfingin ekki tekið þegjandi.



# Tryggingamarkaðurinn er mörgum neytendum erfiður

Það hefur nokkuð borið á því síðustu misseri að neytendur hafi haft samband við verðlagseftirlit ASÍ vegna mála er snerta tryggingar og verð á þeim. Erindin hafa aðallega verið í þá veru að kvarta yfir því hversu erfitt sé að finna út hvar sé hagstæðast að kaupa ákveðnar tryggingar. Mjög mismunandi er milli einstaklinga hvernig tryggingar þeir þurfa. Jafnframt eru neytendur oft með margar tryggingar settar í einn pakka sem gerir samanburð erfiðari en ella.

Verðlagseftirlit ASÍ fór á stúfana þann 17. sept. s.l. og sendi unga konu í fimm tryggingafyrirtæki að leita tilboða. Reynt var að hafa fyrirspurnina einfalda og var hugmyndin að fá tvenns konar tilboð: annars vegar í innbústryggingu þar sem innbú var metið á 2 milljónir og hins vegar í bifreiðatryggingu með kaskó fyrir smábíl. Fyrirtækin sem voru heimsótt voru: Sjóvá – Almennar, Tryggingamiðstöðin, VÍS, Íslandstrygging og Vörður.

Þegar niðurstöðurnar voru skoðaðar kom eftirfarandi í ljós:

- Heildarverðið á þessum tryggingapakka var fundið á mismunandi hátt milli fyrirtækja. Það gerir samanburð erfiðan vegna þess að mismunandi niðurstöður fást eftir því hversu langur tími er skoðaður í einu. Mismunandi forsendur í verðútreikningum milli fyrirtækja voru t.d.

ákveðin endurgreiðsla er í boði ef tryggingataki er tjónlaus á árinu, sérstakur afsláttur er veittur ef tryggingataki er tjónlaus árið á undan eða ef tryggingataki lendir í tjóni þá leggst á ákveðið álag á iðgjaldið.

- Flest fyrirtækin buðu upp á betri kjör þegar ákveðnum fjölda trygginga í sama pakka var náð, þannig að það kostaði drjúgt í byrjun en svo var hver viðbótartrygging fremur ódýr.

- Munurinn á hæsta og lágsta tilboðinu í bifreiðatryggingarnar getur farið yfir 10%. Það er að vísu mismunandi eftir reikniaðferð, þannig að það er eftir nokkru að slægjast þegar verðið er í kringum 70 þúsund kr.

- Þegar hringt var í tvö af þessum fimm fyrirtækjum, farið yfir tilboðið og tilkynnt að verði væri að skoða tilboð frá samkeppnisaðila, þá skapaðist snarlega svigrúm til lækkunar hjá viðkomandi fyrirtæki.

Mikilvægt er að neytendur skilgreini sína eigin tryggingaþörf og kaupi tryggingar í samræmi við hana. Niðurstaðan í þessari litlu rannsókn er sú að tryggingamarkaðurinn er flókinn, erfitt er að bera saman tilboð milli fyrirtækja og því ljóst að nokkra yfirlegu þarf til að finna bestu niðurstöðu fyrir hvern og einn. En lykilatriði er að neytendur leiti tilboða sem víðast og etji tryggingafyrirtækjunum sem mest í samkeppni um verð.